

Hærra verð til stórnotenda skilar bættri afkomu

Handbært fé frá rekstri 51 milljarður

Helstu atriði árs hlutareiknings

- Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði nam 241,4 milljónum USD (35 mö.kr.), en var 153,9 milljónir USD á sama tímabili árið áður og hækkar því um 56,8%.¹
- Hagnaður tímabilsins var 213,7 milljónir USD (31 ma.kr.), en var 102,6 milljónir USD á sama tímabili árið áður.
- Rekstrartekjur námu 497,8 milljónum USD (72,2 mö.kr.) og hækka um 100,9 milljónir USD (25,4%) frá sama tímabili árið áður.
- Nettó skuldir lækkuðu um 253,1 milljón USD (36,7 ma.kr.) frá áramótum og voru í lok september 1.247,7 milljónir USD (180,9 ma.kr.).
- Handbært fé frá rekstri nam 351,7 milljónum USD (51 ma.kr.), sem er 47,1% hækkun frá sama tímabili árið áður.
- Meðalverð til stórnotenda án flutnings var 42,1 USD á megavattstund, sem er hæsta verð á fyrstu níu mánuðum ársins í sögu Landsvirkjunar.

Hörður Arnarson, forstjóri:

„Rekstrarniðurstaða fyrstu níu mánaða ársins var betri en nokkru sinni fyrr í sögu Landsvirkjunar. Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði jókst um 57% miðað við sama tímabil í fyrra og nam rúmum 35 milljörðum króna. Þessa aukningu má einkum rekja til skýrra rekstrarmarkmiða og hækkunar á raforkuverði til stórnotenda, en hana má meðal annars rekja til endursamninga undanfarinna ára sem tryggt hafa að flestir viðskiptavinir Landsvirkjunar borga nú verð sem er sambærilegt við það sem gengur og gerist í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við.

Sjóðstreymi tímabilsins var mjög sterkt og var handbært fé frá rekstri 51 milljarður, sem skilaði sér í lækkun nettó skulda um 36,7 milljarða.


Rekstur aflstöðva gekk vel fyrstu níu mánuðina á sama tíma og raforkukerfi Landsvirkjunar var rekið nálægt hámarksafköstum. Mikið reyndi á starfsfólk, aflstöðvar og verkferla fyrirtækisins við að mæta þessari miklu eftirspurn, oft við mjög krefjandi aðstæður vegna dræms innrennslis til lóna og tíðra óveðra síðastliðinn vetur.

Fjölbreytt ný eftirspurn eftir raforku er bæði frá núverandi viðskiptavinum og áhugaverðum nýjum aðilum. Henni er því miður ekki hægt að mæta nema að takmörkuðu leyti, enda er orkukerfið fulllestað með tilliti til bæði afls og orku. Óhjákvæmilegt er að forgangsraða frekari sölu við þessar aðstæður. Á sama tíma er unnið hörðum höndum að því að afla tilskilinna leyfa fyrir frekari uppbyggingu orkuvinnslu í vatnsafl, vindorku og jarðvarma, með sérstaka áherslu á Hvammsvirkjun, Búrfellslund og stækkun Þeistareykja- og Sigöldustöðva.“

¹ Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við gengi USD/ISK 145


Rekstur

Þróun rekstrartekna




Eftirspurn eftir raforku er sterk á tímabilinu og hefur verið til stórnotenda haldist hátt í sögulegu samhengi. Verð á alþjóðlegum hrávöru- og orkumörkuðum var hátt á tímabilinu. Rekstrartekjur námu 159 m. USD á þriðja ársfjórðungi, sem er 18% hækkun miðað við sama tímabil árið áður.

EBITDA og EBITDA hlutfall




Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og virðisrýrnun, EBITDA, nam 127 m. USD á þriðja ársfjórðungi, sem er 23% hærra en á sama tímabili árið áður.

Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði



Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði nam 76 m. USD á þriðja ársfjórðungi, sem er 38% hærra en á sama tímabili árið áður.


Áhrifaþættir á hagnað fyrir óinnleysta fjármagnsliði – 9M




Nettó skuldir lækka enn

Fjármunamyndun fyrirtækisins (handbært fé frá rekstri) var um 117 m. USD á þriðja ársfjórðungi, sem er 41 m. USD hærra en á sama tímabili árið áður. Nettó skuldir (vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé fyrirtækisins) lækkuðu um 253 m. USD frá áramótum.

Nettó skuldir og eiginfjárhlutfall



Handbært fé nam 231 m. USD í lok september, sem er um 134 m. USD hækkun frá árslokum 2021.



Horfur í rekstri

Afkoma Landsvirkjunar er mjög sterk um þessar mundir sem skýrist aðallega af hækkun á raforkuverði til stórnotenda í kjölfar endursamninga undanfarinna ára. Horfur í rekstri eru því góðar um þessar mundir, en afkoman mun áfram litast af stöðu á alþjóðlegum hrávöru- og orkumörkuðum.

Reykjavík, 18. nóvember 2022

Nánari upplýsingar veitir:

Rafnar Lárusson, framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni
s. 515 9000

Um árs hlutareikninginn

Árs hlutareikningur Landsvirkjunar er gerður samkvæmt alþjóðlegum reiknings skilastöðlum (IFRS) og er hann í Bandaríkjadölum sem er starfrækslugjaldmiðill móðurfélagsins.

Helstu stærðir árs hlutareiknings í þúsundum Bandaríkjadala:

	2022	2021	2020	2019	2018
	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
Rekstur					
Rekstrartekjur	579.867	430.504	323.055	365.493	403.800
Innleystar áhættuvarnir	(82.023)	(33.592)	4.906	6.956	(4.983)
Rekstrartekjur samtals	497.844	396.912	327.961	372.449	398.817
Rekstrar- og viðhaldskostnaður	(106.974)	(97.609)	(92.403)	(89.737)	(107.125)
EBITDA	390.870	299.303	235.558	282.712	291.692
Afskriftir og virðisrýrnun	(106.955)	(103.891)	(95.764)	(100.800)	(93.114)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	283.915	195.412	139.794	181.912	198.578
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(42.484)	(41.466)	(47.392)	(52.852)	(65.134)
Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði	241.431	153.946	92.402	129.060	133.444
Óinnleystir fjármagnsliðir:					
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða	39.384	49.242	(6.384)	(7.780)	(32.762)
Gangvirðisbreytingar annarra afleiða	16.471	(58.987)	(4.541)	(3.046)	17.573
Óinnleystur gjaldeyrismunur	27.594	9.365	7.711	16.494	14.623
	83.449	(380)	(3.214)	5.668	(566)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	324.880	153.566	89.188	134.728	132.878
Tekjuskattur	(111.207)	(51.014)	(27.996)	(44.579)	(43.601)
Hagnaður	213.673	102.552	61.192	90.149	89.277
Efnahagur	30.9.2022	30.9.2021	30.9.2020	30.9.2019	30.9.2018
Eignir samtals	4.576.862	4.453.863	4.336.657	4.336.760	4.445.981
Eigið fé samtals	2.452.954	2.281.433	2.217.323	2.211.197	2.132.829
Skuldir samtals	2.123.908	2.172.430	2.119.334	2.125.563	2.313.152
Nettó skuldir	1.247.712	1.537.433	1.634.720	1.712.848	1.940.009
Lykiltölur					
Handbært fé frá rekstri	351.655	239.064	169.828	222.407	222.693
Fjárfestingar	(49.545)	(86.035)	(74.958)	(57.202)	(126.863)
Fjármögnun	(164.287)	(96.392)	(102.884)	(201.102)	(131.696)
Lausafé alls	421.405	338.821	451.063	375.969	453.359
Eiginfjárlutfall	53,6%	51,2%	51,1%	51,0%	48,0%
Arðsemi eiginfjár	11,4%	5,4%	3,9%	5,7%	5,8%
Vaxtaþekja (EBITDA/nettó vaxtagjöld)	9,29x	7,18x	5,48x	5,39x	4,88x
Nettó skuldir / EBITDA	2,42x	3,94x	4,93x	4,50x	5,00x

Um Landsvirkjun

Landsvirkjun var stofnuð árið 1965 og er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar. Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka verðmæti þeirra endurnýjanlegu orkulinda sem fyrirtækinu er trúað fyrir, með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi. Framtíðarsýn Landsvirkjunar er sjálfbær heimur, knúinn endurnýjanlegri orku. Fyrirtækið vinnur um 70% allrar raforku á Íslandi úr endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsafla, jarðvarma og vindi. Um leið er fyrirtækið leiðandi í sjálfbærri nýtingu orkugjafa og stuðlar að aukinni þekkingu, nýsköpun og tækniþróun.